

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 27

1. árgangur

10.8.1994

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/27/01

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.484 - Thyssen Stahl/Krupp/Riva/Falck/Tadfin/AST).....01

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram

94/EES/27/01

(Mál nr. IV/M.484 - Thyssen Stahl/Krupp/Riva/Falck/Tadfin/AST)

1. Framkvæmdastjórninni barst 22.7.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Acciaierie e Ferriere Lombarde Falck (AFL Falck), FI.RE Finanziaria S.p.A. (Riva), Tadfin S.p.A. (Tadfin), Fried Krupp AG Hoesch-Krupp (Krupp) og Thyssen Aktiengesellschaft (Thyssen) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlit yfir Accial Speciali Terni (AST) með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - AFL Falck: framleiðsla og dreifing á stálvörum, rörum sem þurfa ekki að uppfylla nákvæmniskröfur og smíðisgripum pressumótuðum í lokuðu móti, framleiðsla og sala á raforku, umsjón með fasteignum og umhverfistækni;
 - Riva: framleiðsla og dreifing á stálvörum;
 - Tadfin: dreifing á alls kyns stálvörum;
 - Krupp: framleiðsla og dreifing á stálvörum, smíðisgripum úr málmi og öðrum efnum, að meðtöldum heildregnum og soðnum rörum sem uppfylla nákvæmniskröfur, titánvörum (sameiginlegt verkefni með Thyssen og Klöckner), smíðisgripum mótuðum með hamri (sameiginlegt verkefni með Thyssen og Klöckner) og smíðisgripum mótuðum með fallhamri, hönnun og framleiðsla á vélum, tækjum, íhlutum, rafkerfum, ferðaskrifstofu-, dráttar- og flutningsþjónusta;
 - Thyssen: framleiðsla og dreifing á stálvörum, titánvörum (sameiginlegt verkefni með Krupp og Klöckner) og smíðisgripum mótuðum með fallhamri;
 - AST: framleiðsla og dreifing á stálvörum, smíðisgripum mótuðum með hamri og fallhamri, titánvörum og soðnum stálrörum til sérstakra nota.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað þar til síðar.
4. Málsaðilar hafa gefið til kynna að fyrirhuguð aðgerð verði tilkynnt samkvæmt KSE-sáttmálanum með það í huga að fá fyrirframleyfi.
5. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjórnartíðindunum (Stjttíð. EB nr. C 214, 4.8.1994). Athugasemdir er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar með bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.484 - Thyssen Stahl/Krupp/Riva/Falck/Tadfin/AST, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cronenberg 150
B-1049 Brussels.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.